Heillandi Perú

Lúxusævintýri í hjarta Andesfjallanna

4.–18. október 2027 | 15 dagar – 14 nætur



Ferð lífsins – upplifun sem lifir með þér alla ævi.

Ítarleg dagskrá • Salkantay Trek gangan er dagana 10.–16. október

Dagur 1 | 4. október

Velkomin til Perú

Ævintýrið hefst í Lima, höfuðborg Perú við Kyrrahafsströndina. Tekið verður á móti þátttakendum á flugvellinum og ekið á hótelið okkar í Miraflores.

Eftir langt ferðalag er gott að koma sér fyrir, njóta aðbúnaðar hótelsins eða rölta um nágrennið. Fallegar gönguleiðir liggja meðfram ströndinni þar sem njóta má útsýnis yfir Kyrrahafið.

Gisting: AC Hotel Lima Miraflores by Marriott

Dagur 2 | 5. október

Fornir menningarheimar Perú

Við heimsækjum hið rómaða Larco-safn, sem er til húsa í fallegri sögulegri byggingu umkringd gróskumiklum görðum. Safnið geymir stórkostlegt safn leirmuna, skartgripa, gullmuna og annarra dýrgripa sem varpa ljósi á þúsunda ára sögu Perú.

Við njótum hádegisverðar í umhverfi safnsins áður en haldið er aftur á hótelið. Síðdegis gefst tími til að njóta borgarinnar á eigin forsendum.

Gisting: AC Hotel Lima Miraflores by Marriott

Dagur 3 | 6. október

Sælkeraævintýri í Lima

Lima hefur skipað sér í fremstu röð matarborga heims. Við förum í sérstaka sælkeraferð um borgina þar sem við kynnumst staðbundnu hráefni, fjölbreyttum bragðtegundum og menningarlegum áhrifum sem hafa mótað matargerð Perú.

Perúísk matargerð sameinar aldagamlar hefðir frumbyggja og áhrif frá Evrópu, Afríku og Asíu. Síðdegis gefst frjáls tími til að skoða borgina eða slaka á.

Gisting: AC Hotel Lima Miraflores by Marriott

Dagur 4 | 7. október

Inn í hjarta Andesfjallanna

Við fljúgum til Cusco, fyrrum höfuðborgar Inkaveldisins. Frá flugvellinum höldum við beint niður í Heilaga dal Inkanna, umkringdan tignarlegum fjöllum og fornum þorpum.

Við dveljum næstu þrjár nætur í Ollantaytambo. Þar má enn sjá upprunalegt gatnaskipulag Inkanna, forna steinveggi og vatnsrásir. Dvölin gefur okkur tíma til að byrja að aðlagast aukinni hæð.

Gisting: Tierra Viva Ollantaytambo

Dagur 5 | 8. október

Heilagur dalur Inkanna

Við förum í heilsdagsferð um Heilaga dal Inkanna. Í Chinchero mætast menningararfleifð Inkanna og byggingarlist spænska nýlendutímans. Í Pisac skoðum við fornminjar og tilkomumikla ræktunarhjalla sem bera vitni um verkfræðiþekkingu Inkanna.

Við kynnumst einnig fornminjum Ollantaytambo þar sem gríðarstórir steinveggir, hof og ræktunarhjallar minna á mátt og hugvit Inkanna.

Gisting: Tierra Viva Ollantaytambo

Dagur 6 | 9. október

Heimamenn, aldagamlar hefðir og Pachamama

Við heimsækjum fjölskyldu á svæðinu og kynnumst hefðbundnum vefnaði, vinnslu ullar og náttúrulegri litun með jurtum.

Við tökum þátt í hefðbundinni athöfn til heiðurs Pachamama, móður jörð, undir leiðsögn andlegs leiðtoga heimamanna. Athöfnin endurspeglar virðingu íbúa Andesfjallanna fyrir náttúrunni og tengslum mannsins við jörðina. Við undirbúum okkur fyrir gönguævintýrið næsta morgun.

Gisting: Tierra Viva Ollantaytambo

Salkantay Trek

10.–16. október 2027 | Sjö daga gönguævintýri



Við göngum um stórbrotin Andesfjöllin, eftir fornum gönguleiðum, yfir hátt fjallaskarð og niður í gróskumikla skýjaskóga áður en við komum að Machu Picchu. Á leiðinni njótum við vandaðs aðbúnaðar í fjallaskálum Mountain Lodges of Peru, notalegra herbergja, einkabaðherbergja, sælkeramáltíða og heitra potta.

Dagur 7 | 10. október

Fyrstu skrefin í átt að Salkantay

Eftir snemmbúinn morgunverð höldum við af stað frá Ollantaytambo. Á leiðinni heimsækjum við Quillarumiyoc, fornminjasvæði sem tengist trúarheimi Inkanna, áður en við höldum til fjallaþorpsins Mollepata.

Við njótum hádegisverðar á El Pedregal, fallegum sveitabæ þar sem við kynnumst landbúnaði heimamanna. Eftir hádegisverð liggur leiðin til Challacancha. Þar hefjum við gönguna eftir Camino Real, konungsleiðinni, að Salkantay Lodge í Soraypampa. Þeir sem kjósa að sleppa göngunni geta farið akandi að skálanum.

Gönguupplýsingar: 5,9 km | 3 klst. | hækkun ~328 m* | lækkun ~152 m* | Létt til miðlungs krefjandi

Gisting: Salkantay Lodge – 3.869 m

Máltíðir: Hádegisverður og kvöldverður.



Dagur 8 | 11. október

Töfrandi Humantay-vatnið

Eftir morgunverð göngum við upp fjallshlíðarnar að túrkísbláu Humantay-vatni við rætur jökulsins. Við njótum létts nestis, kyrrðar og hugleiðslu og tökum þátt í athöfn til heiðurs Pachamama.

Við göngum aftur að skálanum þar sem heitur hádegisverður bíður okkar. Síðdegis er tími til að slaka á í heita pottinum eða fara í nudd gegn aukagjaldi. Gangan er valfrjáls en mælt er með henni til undirbúnings fyrir næsta dag, ef líðan er góð.

Gönguupplýsingar: 4,9 km | 4 klst. | hækkun 435 m | lækkun 435 m | Miðlungs krefjandi

Gisting: Salkantay Lodge – 3.869 m

Máltíðir: Morgunverður, hádegisverður og kvöldverður.



Dagur 9 | 12. október

Yfir Salkantay-fjallaskarðið – 4.636 m

Í dag bíður okkar stærsta áskorun gönguævintýrisins. Við göngum við rætur Humantay-fjalls yfir hásléttur þar sem stórir steinar bera vitni um mótun landslagsins af jöklum. Brattir hlykkjóttir stígar leiða okkur upp að hæsta punkti ferðarinnar, Salkantay-fjallaskarðinu.

Þaðan göngum við niður um hrikalegt fjallalandslag að Wayra Lodge þar sem hádegisverður og heitur pottur bíða okkar. Hægt er að panta hest fyrir hluta uppgöngunnar gegn aukagjaldi kvöldið áður.

Gönguupplýsingar: 11,6 km | 6–7 klst. | hækkun 801 m | lækkun 754 m | Krefjandi

Gisting: Wayra Lodge – 3.906 m

Máltíðir: Morgunverður, hádegisverður og kvöldverður.



Dagur 10 | 13. október

Frá fjallatindum niður í skýjaskóga

Við göngum niður með Salkantay-ánni í átt að skýjaskógum Andesfjallanna. Hrjóstrugt háfjallalandslag víkur fyrir gróskumiklum gróðri, hlýrra loftslagi, fiðrildum og brönugrösum. Við göngum fram hjá heimilum íbúa fjallanna.

Um hádegisbil komum við að Colpa Lodge þar sem þrjár ár mætast. Hér bíður okkar Pachamanca, hefðbundin máltíð elduð í jörðu með heitum steinum. Síðdegis njótum við kyrrðarinnar og heita pottsins.

Gönguupplýsingar: 8,4 km | 3–4 klst. | lítil hækkun* | lækkun ~1.063 m* | Létt til miðlungs krefjandi, löng niðurganga

Gisting: Colpa Lodge – 2.870 m

Máltíðir: Morgunverður, hádegisverður og kvöldverður.



Dagur 11 | 14. október

Grænir dalir og kaffiplantekrur

Við göngum um Santa Teresa-árdalinn, fram hjá ávaxtatrjám og yfir læki sem eiga upptök í jöklum Andesfjallanna. Hluti leiðarinnar er farinn akandi að fornum göngustíg Inkanna. Þaðan göngum við upp að Lucma Lodge.

Eftir hádegisverð heimsækjum við lífræna kaffiplantekru. Loftslagið er orðið hlýrra og rakara nær jaðri Amazon-regnskógarins. Við njótum síðasta kvöldsins í fjallaskálunum með góðum mat, heitum potti og kokteil hússins.

Gönguupplýsingar: 9,7 km | 4–4,5 klst. | hækkun 232 m | lækkun 599 m | Miðlungs til krefjandi

Gisting: Lucma Lodge – 2.135 m

Máltíðir: Morgunverður, hádegisverður og kvöldverður.



Dagur 12 | 15. október

Fyrsta sýn okkar á Machu Picchu

Við göngum upp fornar steintröppur Inkanna í gegnum skýjaskóg. Eftir tveggja til þriggja klukkustunda uppgöngu náum við Llactapata-fjallaskarðinu í 2.736 m hæð. Þaðan sjáum við Machu Picchu í fjarska og skoðum fornminjar Llactapata.

Við göngum niður um bambusskóga, ávaxtagarða og kaffiplantekrur að Aobamba-ánni og Hidroelectrica. Eftir hádegisverð tökum við lest í um eina klukkustund til Aguas Calientes.

Gönguupplýsingar: 10 km | 4–6 klst. | hækkun 719 m | lækkun 1.053 m | Miðlungs til krefjandi

Gisting: Hótel í Aguas Calientes – 2.040 m

Máltíðir: Morgunverður, hádegisverður og kvöldverður.



Dagur 13 | 16. október

Machu Picchu – draumur verður að veruleika

Snemma morguns tökum við rútu að Machu Picchu, einu af sjö nýjum undrum veraldar. Í um tveggja klukkustunda ferð með leiðsögumanni kynnumst við sögu borgarinnar og byggingarlist Inkanna.

Valfrjálst er að ganga upp á Huayna Picchu gegn aukagjaldi og háð aðgönguleyfum. Við njótum hádegisverðar í Aguas Calientes, tökum lest til Ollantaytambo og ökum þaðan til Cusco.

Gönguupplýsingar: Valfrjáls Huayna Picchu ganga: 4,1 km | 3 klst. | hækkun og lækkun 255 m | Krefjandi | 2.720 m

Gisting: Andenes by Mountain Lodges of Peru

Máltíðir: Morgunverður og hádegisverður.



24

Dagur 14 | 17. október

Cusco – í hjarta Inkaveldisins

Við verjum síðasta heila deginum í Cusco, fyrrum höfuðborg Inkaveldisins og borg á heimsminjaskrá UNESCO. Við förum í hálfsdagsferð með leiðsögumanni um borgina og heimsækjum fornminjar í nágrenni hennar.

Síðdegis gefst tími til að rölta um fallegar götur, skoða verslanir og listasöfn eða njóta góðs kaffis.

Gisting: Andenes by Mountain Lodges of Peru

Dagur 15 | 18. október

Heim á leið

Ekið er á flugvöllinn í Cusco og flogið til Lima, þaðan sem ferðalangar halda heim á leið. Við kveðjum Perú með minningar um stórbrotin fjöll, forna menningarheima, einstaka gestrisni, ljúffenga matargerð og góðan félagsskap.

Gisting: Engin gisting samkvæmt dagskrá.

Ekki bara draumaferð – heldur ferð lífsins.

Yfirlit yfir göngurnar

Dagur	Leið	Km	Upp	Niður	Áætlaður göngutími
10. okt.	Challacancha	5,9	328*	152*	3
11. okt.	Humantay	4,9	435	435	4
12. okt.	Salkantay-skarð	11,6	801	754	6–7
13. okt.	Wayra–Colpa	8,4	Lítil*	1.063*	3–4
14. okt.	Colpa–Lucma	9,7	232	599	4–4,5
15. okt.	Llactapata	10,0	719	1.053	4–6
Samtals		50,5	~2.515*	~4.056*	24–28,5
16. okt.	Huayna Picchu (val)	4,1	255	255	3

Hækkun og lækkun í metrum.

Erfiðleikastig og undirbúningur

3,5 af 5 – miðlungs til krefjandi. Ferðin hentar fólki með góða göngureynslu og líkamlegt úthald. Hæðin yfir sjávarmáli eykur álagið og hæsti punktur er 4.636 m. Mælt er með reglulegum fjallgöngum, styrktaræfingum og þjálfun í upp- og niðurgöngu. Góð þjálfun útilokar ekki hæðarveiki. Fylgja þarf leiðbeiningum leiðsögumanna og leita læknisráðs fyrir ferðina eftir þörfum. Ferðatryggingar þurfa að ná til fjallgangna í viðkomandi hæð. Dagskrá er háð veðri, aðstæðum og öryggi þátttakenda.